

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR

39. Siglingaþing  
26. febrúar 2012



# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöð Laugardal, 104 Reykjavík  
Sími: 514-4210 Fax: 514-4001  
E-mail: sil@isisport.is



---

## **Efnisyfirlit**

**Dagskrá Siglingaþings**

**Fulltrúar héraðssambanda**

**Skýrsla formanns**

**Skýrsla fræðslustjóra**

**Svæðisleikanefnd ISAF**

**Úrslit móta**

**Lög SÍL**

**Ársreikningur 2011**

Skýrsla 39. Siglingaþings var unninn af Úlfi H. Hróbjartssyni í febrúar 2012

Umbrot og hönnun Úlfur H. Hróbjartsson

Höfundar efnis  
Anna Ólöf Kristófersdóttir  
Birgir Ari Hilmarsson  
Úlfur H. Hróbjartsson

Ljósmyndir  
Eru fengnar af heimasíðum aðildafélaga SÍL

Prentun  
Skrifstofa ÍSÍ

## Dagskrá 39. siglingaþings

Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal  
26. febrúar 2012

1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari.
5. Kosning þingnefnda:
  - a. Fjárhagsnefnd 3 manna.
  - b. Laga- og leikreglnafnd 3 manna.
  - c. Allsherjarnefnd 3 manna.
6. Lögð fram skýrsla stjórnar.
7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.
8. Umræður og samþykkt reikninga.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.
10. Lagabreytingatillögur.
11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.
12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.
13. Þingnefndir starfa
14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.
15. Tillögur fjárhagsnefndar
16. Kosningar:
  - a. Stjórn og varastjórn, sbr 9. gr.
  - b. 2 skoðunarmenn.
  - c. Fulltrúa á íþróttapiing í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.
17. Þingslit.

## Fulltrúar á 39. siglingaþingi

### Fullrúafjöldi héraðssambanda:

Héraðssamband	Iðkendur	Fulltrúar
Íþróttabandalga Reykjavíkur Brokey, siglingafélag Reykjavíkur Kayakklúbbur Reykjavíkur	635	15
Ungmennafélag Kjalarnesþings Siglingafélagið Ýmir	241	7
Íþróttabandalaga Akureyrar Siglingafélagið Nökkvi	54	4
Íþróttabandalag Hafnarfjarðar Siglingaklúbburinn Pytur	426	11
Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu Siglingadeild Snæfells	25	2
Héraðssamband Vestfirðinga Siglingafélagið Sæfari	43	3
Ungmennasamband Skagafjarðar Siglingaklúbburinn Drangey	64	4
Héraðssamband Píngeyinga Siglingadeild Völsungs	-	-
Ungmenna og íþróttasamband Austurlands Kayakklúbburinn Kaj	-	-
<b>Alls</b>	<b>1.488</b>	<b>46</b>

## Stjórn SÍL

### Kjörin á 38. siglingaþingi

Formaður:	Úlfur H. Hróbjartsson
Varaformaður:	Trausti Ævarsson
Ritari:	Anna Ólöf Kristófersdóttir
Gjaldkeri:	Sigurjón Hjartarson
Meðstjórnandi:	Snorri Valdimarsson Kolbeinsson
Varastjór:	Jakob Frimann Þorsteinsson
Varastjór:	Rúnar Þór Björnsson
Varastjór:	Þorsteinn Guðmundsson
Heiðursformaður:	Ari Bergmann Einarsson



## Ágætu félagar,



Ég býð ykkur velkomna á 39. Siglingaþing.

Rétt um það leiti sem síðasta siglingaþing var haldið var einnig haldin stjórnarfundur Alþjóða siglingasambandsins ISAF hér á landi. Stjórn og starfsfólk ISAF var mjög ánægt með allan aðbúnað og þótti fundurinn heppanast vel. Í framhaldi hefur

stjórn SÍL nú í undirbúning að hér verð haldinn miðsársfundur sambandsins. Sá fundur er öllu stærri og viðameiri, það er vona okkar að þessi fundir gefi þeim sem tengjast siglingaíþróttinni á Íslandi tækifæri til að sjá að við erum hluti af stærri hreyfingu og að í því eru falin fjölmörg tækifæri.

Með vorinu komu fleiri gestir. Rick Reading frá Topper kom í heimsókn til landsins og skoðaði ástand topperana hjá siglingafélaðgum á höfuðborgarsvæðinu og kom með ábendingar um hvað þyrfti að passa uppá og gæta að í meðferð bátanna.

Einnig voru haldin tvö þjálfaranámskeið fyrir siglingaþjálfara, annars vegar voru þau Óttarr Hrafnkelsson og Anna Ólöf Kristófersdóttir með leiðbeinendanámskeið fyrir nýja þjálfara. Hins vegar komu reyndustu siglingaþjálfarar landsins saman til að rifja upp og undirbúa sig fyrir sumarið á námskeiði hjá Tom Wilson siglingaþjálfara frá ISAF. Tom var einnig hér á landi síðastliðið sumar og sá um æfingabúðirnar í Kópavogi.

Með vorinu komu einnig 3 seglbátar af gerðinni 29er sem ætlunin var að selja hér á landi. Búið var að undirbúa sölu á þeim öllum en því miður gekk það ekki eftir og aðeins seldist einn bátur. Þetta eru hraðskreiðar og spennandi tveggja manna kænur sem henta vel fyrir þá sem eru lengra komnir í siglingum. Með bátunum kom þjálfari eina helgi sem kenndi grunnatriðin í siglingu og meðferð bátanna og kom nýjum eigendum af stað.

Formaður SÍL fór á fund Norræna siglingasambandsins í vor þar sem meðal annars voru stilltir strengir fyrir komandi miðsársfund Alþjóða siglingasambandsins. Ferðin var einnig nýtt til fundar með „Norsk havseiler og krysserklubben“ NHK, um að halda keppni á milli Noregs og Íslands. Fundurinn gekk vel og ætlun NHK að undirbúa slíka keppni fyrir árið 2013. Ekki er búið að ákveða hvaðan verður siglt, en valið stendur á milli Stafangurs, Björvin eða Álasunds. Hugmyndin er að siglt verð til Íslands eitt árið en svo verði keppni til baka til Noregs hitt árið. NHK er félag úthafsiglara í Noregi sem stofnað var árið 1953, skilyrði fyrir inngöngu er að hafa siglt ákveðin milufjölda á úthafi. Í þessum félagskap er meðal annars að finna ýmsa sem keppt í Volvo oceanrace og viðlíka keppnum.

Það voraði heldur seint fyrir kjölbáta menn og fresta varð sjósetningu bæði hjá Brokey og Pyt af þeim sökum. Opnunarmóti kjölbáta var

seinkað um tvær vikur vegna ótiðar en það dugði vart til því að eins tveir bátar tóku þátt í mótinu. Mótahald var með hefðbundnum hætti þegar loks voraði. Ótiðin í byrjun sumars sýndi okkur framm á að þó áhugi sé til að lengja siglingasumarið hjá kjölbátum þá eru það æðri máttarvöld en ekki siglingaþing sem ráða ferðinni

Æfingabúðir SÍL voru í þetta sinn haldnar á Húsavík. Met þátttaka var bæði af háflu kænusiglarar og foreldra. Tæplega 50 kænusiglarar öllum aldri voru skráðir til leiks og með fylgdu um 40 foreldrar. Stemningin var einstaklega góð. Á sama tíma var Norræn strandmenningarhátíð í bænum þannig að nóg var að gera fyrir bæði siglara og aðstandendur. Búðirnar voru mun stærri heldur en áður hefur verið og munar þá sérstaklega um þátttöku foreldra. Æfingabúðirnar eru ekki aðeins lærdómsríkar fyrir þátttakendur heldur fá þjálfarar, frábært tækifæri til að læra af hvor öðrum og meta eigin aðferðir. Yfir umsjón með æfingabúðunum hafði Tom Wilson sem einnig sá um þjálfaranámskeið fyrr í vor

Siglingasambandinu áskotnaðist nokkuð af styrkjum á árinu. MP banki styrkti Íslandsmót kjölbáta og var sá styrkur að mestu notaður til að mynda mótið og koma í því í íþróttafréttir RÚV. Eimskipafélagið studdi dyggilega við bakið á okkur þegar koma að því að flytja báta í þremur 40 feta gámum fyrir æfingabúðirnar á Húsavík. Síðast en ekki síst fékk Siglingasambandið styrk frá Alþjóða Ólympíusambandinu til að senda þjálfara í 8 vikna námskeið í uppbyggingu á fræðslu- og menntamálum fyrir siglingasambönd. Anna Ólöf Kristófersdóttir var ein af 5 þátttakendum á þessu námskeiði sem fram fór í bænum Pool í Englandi. Nánar má sjá um námið í greinargerð Önnu hér aftar í skýrslunni. Í kjölfarið hefur Anna verið ráðinn sem fræðslustjóri hjá Siglingasambandinu. Hennar helsta hlutverk er að koma upp samræmdri námskrá og kennslu- aðferðum fyrir siglingar og þjálfara.

Á haustmánuðum var haldið BCU 4 stjörnu leader námskeið fyrir kayak-ræðara. Breskir leiðbeindendur héldu námskeiðið og var námsefnið samkvæmt námsskrá Breska kanó sambandsins. Alls tóku 12 þátt í námskeiðinu og þar af tóku 8 próf og eru nú komnir með 4 stjörnu réttinindi.

Í október var haldin uppskeru hátíð Siglingasambandsins og þetta annað árið í röð sem hún er haldin. Á síðasta ári komu aðeins siglingamenn saman en nú tókst að sameina siglingamenn og kayakræðara í eina hátíð og er það gott. Á hátíðinni voru veitt fjölmörg verðlaun fyrir árangur á árinu Íslandsmeistararitlar í bæði í sjó- og straum kayakróðri auk Íslandsbikars fyrir kjölbátasiglingar. Brokeyingar notuðu tækifærið og veittu verðlaun fyrir þriðjudagskeppnir. Utan þess að verðlauna fyrir keppnisárangur fengu ræðarar og siglingamenn ársins verðlaun. Kayakkona ársins var Þóra Atladóttir sem er feykjóflugur ræðari og mjög sjáanleg í öllu klúbbstarfi. Þóra er alltaf tilbúin að miðla reynslu og aðstoða. Fyrsta konan til að klára BCU 4star leader í núverandi BCU kerfi. Hún varð því miður af Íslandsmeistarititli í sjökayak 2011 með hlutkesti og lenti því í öðru sæti.

Siglingakona ársins var Hulda Lilja Hannesdóttir sem hefur undanfarn ár verið Íslandsmeistari á Topper Topaz ásamt Hilmari bróður sínum. Á síðasta ári skiptu þau systkinin um bát og keppa nú í sitt í hvoru lagi. Hulda keppir á Laser 4.7 og stóð sig einstaklega vel á árinu og var í 2. sæti á Íslandsmótinu 2011 í blönduðum flokki.

Kayakmaður ársins var Magnús Sigurjónsson en hann hefur verið

óþreytandi við að breiða út kayaksportið. Formaður sundlauganefndar og iðulega þar að stjórna málum og segja til. Heldur uppi starfi BCU á Íslandi við þjálfun og prófun ræðara. Okkar aðal kayaknámskeiðahaldari til margra ára. Öflugur og ósérhlifinn í flestum viðburðum á vegum kayakíþróttarinnar

Siglingamaður ársins var Þorlákur Sigurðsson sem keppti árið 2010 á Laser 4.7 en færði sig yfir á Laser Radial á þessu ári. Árangurinn lét ekki á sér standa en hann náði Íslandsmeistaratitli í þeim flokki. Þorlákur hefur áður unnið til Íslandsmeistaratitla á Optimist.

Á uppskeruhátíðinni voru tekin upp ný verðlaun Sjálfboðaliði ársins. Þau hlaut Örlygur Sigurjónsson sem starfað hefur af krafti innan kayakíþróttarinnar og nú síðast skrifað bók um Sjókayaka á Íslandi fróðlegt og gott rit sem kom út nú á haustmánuðum.

Ársfundur Alþjóðasiglingasambandsins ISAF var haldinn í Puerto Rico í Nóvember. Þrjú fulltrúar Íslands voru á staðnum Birgir Ari Hilmarsson sem er nefndarmaður í „Regional Games committee“ Anna Ólöf Kristófersdóttir sem kom þangað beint af námskeiðinu í Bretlandi og Úlfur Hróbjartsson formaður SÍL. Anna tók þátt í kynningu á náminu sem hún hafði nýlengi og svaraði fyrirspurnum er það varða. Ísland bar einnig á góma þegar undirritaður tók við „ISAF presidents development award“ úr hendi forseta ISAF fyrir þróun starfs sem unnið hefur verið á Íslandi á undanföllum árum.

Olympíuleikarnir 2012 settu mark sitt á fundinn í Puerto Rico en þó voru þar tækifæri til að efla enn á tengslanetið og safna upplýsingum sem koma sér vel að uppbyggingu á íþróttinni hér á Íslandi. Má þar meðal annars nefna að SÍL er nú komið í samband við framleiðanda Wayfarer bátann sem lengi vel voru vinnslær hér á landi og hafa nú gengið í endurnýjun lífdaga. Undirritaður fékk einnig upplýsingar hjá Siglingasambandi Singapúr um hvernig þeim hefur tekist að tengja saman námsefni í skólum og siglingar. Þessi aðferð hefur verið reynd með góðum árangri í Singapúr og verður hún þróuð áfram innan SÍL og löguð að íslenskum aðstæðum.

Siglingafélagið Nökkvi á Akureyri fagnaði merkurum áfanga í vetur þegar það var fyrst íslenskra siglingafélaga til að eigna seglbát sem er sérhannaður fyrir fatlaða. Báturinn var keyptur með stuðningi Kiwanis og Lions klubbanna á Akureyri ásamt Proskahjálpi á Norðurlandi og Siglingasambandi Íslands.

Framundan eru skemmtilegir tímar á sjó. Áhugi á útivist við vötn og sjó er að aukast og því er nauðsynlegt að félgögin séu í stakk búinn að bregðast við þeim aukna áhuga og viðhalda honum um næstu ár. Siglingasamband Íslands mun á næsta ári gera sitt besta til að skapa aukin tækifæri og liðsinna siglingafélögum í byggja upp og bæta siglingaíþróttina á Íslandi.

Úlfur H. Hróbjartsson



Stjórn ISAF í heimsókn á Bessastöðum



Æfingabúðir Húsavíkur



Görna Peterson afhendir Úlfi H. Hróbjartssyni ISAF Presidents Development Award

## ISAF Training Scholarship Programme

- námið og stefnumótun SÍL

Dagana 5. september til 28. október 2011 stundaði ég nám á vegum alþjóða siglingasambandsins ISAF Þessa tvo mánuði sem ég dvaldi þar bjó ég í siglingaskólanum Rockley Watersports í Poole á Bretlandi. Námið var að fullu styrkt af alþjóða ólympíusambandinu. Auk mín voru þarna tveir fulltrúar frá Trinidad og Tobago, einn frá Japan og ein frá Indónesíu.

Námið skiptist í þrjú meginhluta; hagnýta þjálfaramenntun, hagnýta stjórnun og uppbyggingu siglingaíþróttarinnar og að lokum kynningu á siglingaiðnaðinum, þar sem við heimsóttum ýmis fyrirtæki. Við fengum að kynnast og vinna með mörgum frábærum þjálfurum og sérfræðingum, sem tengdust hinum ýmsu sviðum siglinganna. Þeirra á meðal var Tim Coventry, sem var okkar helsti ráðgjafi varðandi stefnumótun og áætlanagerð fyrir framtíð siglinga heimalandi hvers og eins. Markmiðið með náminu var að þjálfva einstaklinga til að mennta þjálfara og byggja upp sjálfbært siglingastarf og flytja þá þekkingu til síns heimalands. Síðar getur siglingastarfið hlotið vottun frá ISAF, standist það kröfur. Náminu lauk með gerð stefnumótunar sem hver og einn fulltrúi vann fyrir sitt heimaland. Stefnumótun fyrir siglingastarf á Íslandi var samþykkt á stjórnarfundi SÍL þann 24. nóvember 2011.

### Stefnumótun SÍL

Á næstu þremur til fimm árum er stefnt af því að koma upp skipulögðu menntakerfi í siglingum. Um er að ræða stigakerfi, sem finna má í Siglingabókinni minni, sem var útgefin af SÍL árið 2007, auk framhalds- og þjálfarastiga. Einnig er það von SÍL að innan einstakra félaga verði kennd námskeið eftir stigakerfinu af þjálfurum með menntun viðurkennda af SÍL. Auk þess að félögin vinni að uppbyggingu á innra skipulagi sínu. Stefnt er að því að vottunarkerfi SÍL verði komið á og það prófað ásamt því að ISAF votti kerfið. Þannig verður til "vottun SÍL" sem staðfestir að siglingakennsla einstaka félaga standist alþjóðlegar kröfur.



Jerome Pels afhendir Önnu Ólöfu Kristófersdóttur ISAF Training Scholarship Graduate skírteini að loknu námi.

### Framkvæmdaáætlun SÍL

Á næstunni munu liggja fyrir tímasett framkvæmdaáætlun sem miðar að því að ná langtíma markmiðum sem sett eru fram í stefnumótun SÍL. Þar má til dæmis nefna að í lok janúar lá fyrir menntakerfi þjálfara. Í mars lýkur vinnu við verklags- og vinnureglur fyrir siglingafélögin ásamt ýmsum öðrum gagnlegum skjölum. Í apríl verður unnið að gerð þjálfarahandbókar. Samhliða ofangreindu verður unnið að ýmsum tilfallandi verkefnum sem komið hafa upp s.s. að skipuleggja og undirbúa þjálfaranámskeið, skoða samstarf við Sæbjörgu, Slysavarnaskóla sjómanna. En Sæbjörg mun væntanlega taka að sér öryggis- og kennslubátanámskeið fyrir siglingaþjálfara.

Í byrjun maí mun koma til landsins sérfræðingur frá RYA siglingasambandi Bretlands til þess að halda fyrirlestur og vinnusmiðju fyrir stjórnir félaganna um sjálfbodaliðastarf. Í lok maí verður haldið þjálfaranámskeið þar sem Mike Hart frá ISAF kemur og aðstoðar þjálfunar- og fræðslustjóra við að halda fyrsta þjálfaranámskeið SÍL. Alþjóða ólympíusambandið styrkir þetta fyrsta námskeið og því tilvalið fyrir félögin koma sem flestum í þjálfaramenntun á þeim sérkjörum sem bjóðast í þetta skipti.

Það er von okkar að SÍL í samvinnu við a.m.k. þrjú til fjögur félög geti á vordögum 2013 innleitt "vottunarkerfi SÍL". Nú þegar hafa þrjú félög sýnt þessu mikinn áhuga, sem er ánægjulegt. Þegar kerfið er tilbúið og siglingakennslan í þrem til fjórum félögum hefur verið vottuð er mögulegt að sækja um vottun ISAF á starfsemi SÍL.

### Ávinningur siglingafélaganna

Með þáttöku í þessari áætlun, sem byggir á uppbyggingu undanfarinna ára, bjóðast félögum ný tækifæri. Uppbygging á innra starfi félaganna felst meðal annars í því að koma upp verklags- og vinnureglum, öryggisviðmiðum, neyðaráætlun og eldvarnaráætlun. Með einföldu kerfi þar sem slys og atvik eru skráð í skýrslur er svo hægt að meta einstök tilvik og læra af þeim með skipulögðum hætti. Skipulögð skráning á bilunum getur einfaldað allt viðhald. Allt þetta gerir starfið einfaldara, öruggara og faglegra.

Með aukinni menntun þjálfara bjóða félögin uppá skilvirkari lærdómstækifæri fyrir byrjendur auk þess sem skipulagið og metnaðurinn skilar sér í keppnisþjálfun. Vinnuálag dreifist og því er minni hættu á að einstaklingar brenni út og gefist upp á þessu frábæra starfi eins og svo gjarnan hefur verið raunin hér áður fyrr. Hæfir þjálfarar selja íþróttina, því það eru jú þeir sem eru með viðskiptavinum okkar á sjónum. Almennt skilar meiri ánægja í starfi betri kennslu. Með faglegum vinnubrögðum og auknu öryggi skapast ný tækifæri til að sækja fjármagn til starfsins auk þess sem foreldrar eru líklegri til að senda börnin sín á námskeið þar sem öryggi, nám og skemmtun fer saman.

Það er von mín að í framtíðinni getum við séð metnaðarfulla og drifandi siglingaþjálfara með samhæfða þjálfaramenntun SÍL vinna að kennslu innan vel skipulagðra siglingafélaga. Gott menntakerfi eykur námstækifæri í siglingum á Íslandi. Markmiðið er að Siglingasamband Íslands styðji við og hafi eftirlit með siglingafélögum með það fyrir augum að þau standist kröfur um öryggi og kennslufyrirkomlag. Þau félög sem uppfylla kröfur hljóta vottun SÍL.

Það er einnig von mín að Alþjóða siglingasambandið sem svo ötullega hefur stutt við bakið á SÍL geti á árinu 2013 vottað sjálfbært siglingastarf sambandsins. Takist það hefur ISAF Training Scholarship námið skilað þeim árangri sem þeir vilja sjá.

Ég vil þakka fyrir þann stuðning sem mér hefur verið sýndur fram að þessu og hlakka til að vinna að uppbyggingu siglingastarfs á Íslandi. Ef þið hafið áhuga á að kynna ykkur þetta starf nánar er ávalt velkomið að hafa samband við mig.

Virðingarfyllt,  
Anna Ólöf Kristófersdóttir  
Þjálfunar- og fræðslustjóri



## Svæðaleikanefnd ISAF

Nefndarfundur í Svæðaleikanefnd ISAF (Regional Games Committee) var haldinn í Puerto Rico í 7. Nóvember s.l. Undirritaður sem á sæti í nefndinni sat fundinn að venju.

Það var þétt dagskrá sem lá fyrir fundinum en margt af því sem nefndin tekur fyrir eru almenn afgreiðslumál s.s. yfirlit yfir leika framundan og skýrslur frá leikum síðasta árs. Þá tilnefni nefndin tæknifulltrúa á svæðaleika.

Nefndin fjallaði um nokkrar tillögur sem vísað var til umsagnar í nefndinni. Og má þar nefna nokkrar tillögur sem gengu út á að ranka siglingamót í Eyjaálfu á heimslista en þá er verið að ræða um mót sem bara litlu þjóðirnar á svæðinu taka þátt í en Ástralía og Nýja Sjáland eru undanskilin. Þetta gengur nokkuð á skjön við á uppbyggingu alþjóðasambandsins og gat nefndin því ekki mælt með þessum tillögum. Hins vegar vill nefndin að lagt verði út í frekari eflingu á útbreiðslu siglinga á þessu frábæra svæði.

Verið er að vinna að útgáfu "manuals" fyrir framkvæmdanefndir svæðaleika og er þar einnig settar fram leiðbeiningar varðandi framkvæmd þessara móta. Þetta mun hjálpa mikið þeim þjóðum sem eru að taka að sér svona verkefni.

Enn var rætt um að koma siglingum á alla svæðaleika og einnig að halda siglingum á slíkum leikum. Lagður var fram listi yfir væntanlega leika og kom fram á honum hvort siglingar væru inni eða ekki. Það veldur nefndinni nokkrum áhyggjum að verða ekki á Smáþjóðaleikumum í Lúxemborg, sem haldnir verða 2013. Undirritaður upplýsti að Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands hefði ekki sett siglingar inn á Smáþjóðaleikana sem haldnir verða í Reykjavík 2015. Varð nokkur umræða um þetta hjá

nefndinni sem er tilbúin að hjálpa okkur að þrýsta á að koma siglingum inn á leikana. Ákveðið var að skrifa siglingasamböndum þátttökubjóða á smáþjóðaleikum bréf til að fá viljayfirlýsingu um þátttöku og til að staðfesta vilja nefndarinnar til að vinna með þeim að málinu.

Rætt var um möguleika á því að svæðaleikar geti notast til úthlutunar Ólympíusæta í framtíðinni. Eitt af því sem stendur þar í veginum er að ekki er notast við sömu flokka á öllu leikum og endurspegla þeir því ekki Ólympíuleika. Þó nokkrar umræður urðu um málið og hvort þetta stæði jafnvel siglingum fyrir þrífum enda eru flestar íþróttagreinar sem keppt er í á svæðaleikum með sama sniði og á Ólympíuleikum. Þessi mál eru afar viðkvæm en eftir atkvæðagreiðslu í nefndinni var samþykkt að fresta frekari umræðu um þessi mál.

Fundurinn var í heildina mjög liflegur í þetta skiptið. Það er ákaflega gott að þessi nefnd fylgist vel með því sem er að gerast á hinum ýmsu svæðaleikum og veitir stuðning þar sem á þarf að halda. Einnig er ég ánægður með að umræða sem ég stofnaði til fyrir nokkrum árum varðandi búnað á svæðaleikum samanborið við Ólympíuleika skuli hafa haldið áfram, nú í sambandi við mögulega notkun á slíkum leikum til að festa Ólympíusæti. Það er staðföst trú mín sem og fleiri nefndarmanna að þessir leikar eigi að endurspegla það besta í heiminum og jafnframt að leggja þá kröfu á þá flokka (flokkasambönd og framleiðendur) að þeir aðstoði við útbreiðslu í tengslum við svæðaleika um allan heim. Þannig getum við byggt upp sterkari íþrótt á heimsvísu.

Virðingarfyllt

Birgir Ari Hilmarsson





# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



**Úrslit 2011**

## Reykjanes

Karlar	Sæti	Nafn	Bátategund	tími
Keppnisbátar				
1	Ólafur B. Einarsson	Stellar brimskiði:		0.40.04.57
Ferðabátar				
1	Halldór Sveinbjörnsson	Inuk.		0.42.02.61
2	Gudni Páll Viktorsson.	Inuk.		0.44.44.23
3	Pétur Hilmarsson.	Inuk.		0.46.56.57
4	Örn Torfason.	Inuk.		0.51.02.67
5	Ágúst Ingi.	Nordkapp		0.51.24.42
6	Rafn Pálsson.	Nordkapp I.		0.53.59.83
Konur				
1	Helga Einarasdóttir	Sea Wolf		1.11.55.71
2	Arndís Jónsdóttir	Sardinia L.		1.15.56.15
3	Rán Höskuldsdóttir	Kittivek.		1.22.00.15

## Reykjavíkurbíkar

Karlar	Sæti	Nafn	Bátategund	tími
Keppnisbátar				
1*	Ólafur B. Einarsson	Stellar brimskiði		52:29:00
Ferðabátar				
1*	Halldór Sveinbjörnsson	Kirton Inuk		57:42:00
2	Pétur Hilmarsson	Kirton Inuk		01:00:09
3	Eymundur Ingimundarson	Valley Aquanaut		01:01:19
4	Guðmundur Breiðdal	Kirton Inuk		01:01:25
5	Örlygur Steinn Sigurjónsson	Lettman Godthap		01:02:20
6	Rúnar Pálmason	Valley Nordkapp		01:03:20
7	Páll Reynisson	NDK Explorer HV		01:04:20
8	Þorbergur K	Quajaq Sea Wolf		01:04:30
9	Óssur Imsland	NDK Explorer		01:04:42
10	Valdirmar H	Valley Aquanaut		01:05:30
11	Egill Þorsteinsson	NDK Explorer		01:06:14
12	Steffan I	Point °65		01:08:59
13	Pórólfur Matthíasson	Quajaq Viking		01:14:07
Konur				
1	Þóra Atladóttir	NDK Explorer		

## Sprettur

Karlar	Sæti	Nafn	Bátategund	tími
Keppnisbátar				
1	Þorsteinn Sigurlaugsson	Valley Rapier		00:49:32
Ferðabátar				
1	Ari Benediktsson	Valley Nordkapp		00:58:33
2	Bjarki Rafn Albertsson	Kajakspport Viviane		01:00:24
3	Pétur Már Hjartarson	Bátstegund vantar		01:04:15
4	Júlíus Albertsson	www.kajaksmidjan.net		01:04:23
5	Reynir Svavar Eiríksson	Hassle Explorer		01:07:00
Konur				
1	Helga Hrönn Melsteð	NDK Explorer		01:11:24
2	Hrefna Ingólfssdóttir	NDK Romany		01:17:19



## Hvammsvíkur maraþon



Sæti	Nafn	Bátategund	tími
<b>Keppnisbátar</b>			
1	Eymundur Ingimarsson	Valley Rapier	04:39:35
2	Runar Palmason	Valley Rapier	05:12:00
<b>Ferdabatar</b>			
1	Orlygur Steinn Sigurjónsson	Kirton Inuk	04:36:45
2	Páll Reynisson	Explorer HV	04:59:45
3	Thorbergur Kjartansson	Quajaq Sea Wolf	05:01:55

## Heildastig Sjókayak

### Flokkur karlar

Sæti	Keppandi	Bátstegund	Reybikar	ReykjanesSprettur	Maraþon	Samtals
1	Ólafur B. Einarsson	Stellar brimskiði	100	100		200
2	Halldór Sveinbjörnsson	Kirton Inuk	100	100		200
3	Örlygur Steinn Sigurjónsson	Lettman Godthap	45		100	145
4-5	Pétur Hilmarsson	Kirton Inuk	80	60		140
4-5	Eymundur Ingimundarson	Valley Aquanaut	60		80	140
6-7	Þorsteinn Sigurlaugsson	Valley Rapier		100		100
6-7	Ari Benediktsson	Valley Nordkapp			100	100
8	Páll Reynisson	NDK Explorer HV	36		60	96
9	Rúnar Palmason	Valley Nordkapp	40		45	95
10	Þorbergur K	Quajaq Sea Wolf	32		50	82
11-12	Bjarki Rafn Albertsson	KajakSPORT Viviane			80	80
11-12	Gudni Páll Viktorsson	Kirton Inuk		80		80
13	Pétur Már Hjartarson	Bátstegund vantar		60		60
14-16	Guðmundur Breiðdal	Kirton Inuk	50			50
14-16	Júlíus Albertsson	www.kajaksmidjan.net			50	50
14-16	Örn Torfason	Kirton Inuk	50		50	
17-18	Ágúst Ingi Valley	Nordkapp		45		45
17-18	Reynir Svavar Eiríksson	Hassle Explorer		45	45	
19	Rafn Pálsson.	Valley Nordkapp		40		40
20	Össur Imsland	NDK Explorer	29			29
21	Valdirmar H	Valley Aquanaut	26			26
22	Egill Þorsteinsson	NDK Explorer	24			24
23	Steffan I	Point °65	22			22
24	Þórólfur Matthíasson	Quajaq Viking	20			20

### Flokkur ferðabáta - konur

1	Helga Hrönn Melsteð	NDK Explorer			100	100
2	Þóra Atladóttir	NDK Explorer	100			100
3	Helga Einarsdóttir	Sea Wolf		100		100
4-5	Arndís Jónsdóttir	Sardinia L.		80		80
4-5	Hrefna Ingólfssdóttir	NDK Romany			80	80
6	Rán Höskuldsdóttir	Kittiwek		60		60

## Straumkayak

1. Jón Skirnir Ágústsson
2. Haraldur Njálsson
3. Jóhann Geir Hjartarson
4. Elvar Prastarson
- 5-6. Lama Nepal
- 5-6 Fred Drumbó

## Opnunarmót Kænur



Optimist	Félag	Stig	Sæti
Keppandi			
Búi Fannar Ívarsson	Brokey	3	1
Hrefna Ásgerisdóttir	Brokey	6	2
Ýmir Guðmundsson	Ýmir	11	3
Sigurjón Águstsson	Ýmir	11	3
Þorbjörg Erna Mírnisdóttir	Brokey	14	4
Baldvin Ari Jóhannsson	Ýmir	DNS	

### Opinn flokkur

Keppandi	Félag	Bátur	Stig	Sæti
Gauti Elvar Arnarsson	Nokkvi	Laser Std	4	1
Guðmundur Markússon	Pytur	Laser Rad	7	2
Aðalsteinn Jens Loftson	Ýmir	Laser Std	10	3
Anders Sigbórsson	Pytur	Laser Rad	13	4
Eyþór Pétur Aðalsteinsson	Ýmir	Laser Rad	16	5
Gunnar Hlynur Úlfarsson og Gunnar Kristinn Óskarsson	Brokey	Topaz	18	6
Björn Bjarnarsson og Hjörtur Már Ingason	Brokey	Topaz	18	7
Gaukur Steinn Guðmundsson og Gunnar Bjarki Jónsson	Ýmir	Topaz	24	8

## Sumarmót Kænur



Optimist A	Sæti	Keppandi	Sigldur tími	Stig	Heildarstig
1.	Búi Fannar Ívarsson	00:22:31	1	1	
2.	Hrefna Ásgerisdóttir	00:22:43	2	2	
3.	Gunnar Bjarki Jónsson	00:22:52	3	3	

Optimist B	Sæti	Keppandi	Sigldur tími	Stig	Heildarstig
1.	Baldvin Ari Jóhannesson	00:23:57	1	1	
2.	Þorbjörg Erna Mírnisdóttir	00:24:17	2	2	
3.	Þorgeir Ólafsson	00:26:03	3	3	
4.	Huldar Hlynsson	00:27:29	4	4	

Laser Radial	Sæti	Keppandi	Bátur	Sigldur tími 1	Útreiknað	Stig	Sigldur tími 2	Útreiknað	Stig	Heildarstig
1.	Þorlákur Sigurðsson	Laser Radial	00:20:44	00:18:50	1	00:19:40	00:17:52	1	2	
2.	Anders Rafn Sigbórsson	Laser Radial	00:23:20	00:21:12	2	00:21:26	00:19:28	3	5	
3.	Guðmundur Ísak Markússon	Laser Radial	00:26:16	00:23:51	4	00:20:41	00:18:47	2	6	
4.	Eyþór Pétur Aðalsteinsson	Laser Radial	00:26:05	00:23:41	3	DNF	DNF	5	8	

Opinn flokkur	Sæti	Keppandi	Bátur	Sigldur tími	Útreiknað	Stig	Sigldur tími	Útreiknað	Stig	Heildarstig
1.	Sigurður Seán Sigursson	Laser 4,7	00:23:13	00:19:46	1	00:20:24	00:17:22	1	2	
2.	Björn Bjarnarson	T. Topaz	00:26:35	00:22:09	2	00:23:02	00:19:12	2	4	
3.	Hjörtur Már Ingason	T. Topaz	00:27:04	00:22:33	3	00:24:17	00:20:14	3	6	

# Íslandsmót



## Laser 4,7 Flokkur

Sæti	Stýrimaður	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Sigurður Seán Sigurðsson	Laser 4,7	Nökkvi	2.0	1.0	1.0	(3.0)	1.0	8.0	5.0
2	Hulda Lilja Hannesdóttir	Laser 4,7	Brokey	(3.0)	2.0	2.0	1.0	2.0	10	7.0
3	Lilja Gísladóttir	Laser 4,7	Nökkvi	1.0	(3.0)	3.0	2.0	3.0	12	9.0

## Laser Radial Flokkur

Sæti	Stýrimaður	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Þorlákur Sigurðsson	Laser Radial	Nökkvi	(1.0)	1.0	1.0	1.0	1.0	5.0	4.0
2	Hilmar Páll Hannesson	Laser Radial	Brokey	(6.0 DNF)	2.0	2.0	2.0	2.0	14.0	8.0
3	Guðmundur Ísak Markússon	Laser Radial	Pytur	2.0	(4.0)	3.0	3.0	3.0	15.0	11.0
4	Anders Rafn Sigþórsson	Laser Radial	Pytur	3.0	3.0	(4.0)	4.0	4.0	18.0	14.0
5	Orri Levi Úlfarsson	Laser Radial	Brokey	(6.0 DNS)	6.0 DNC	6.0 DNC	6.0 DNC	6.0 DNC	30.0	24.0

## Laser Standard Flokkur

Sæti	Stýrimaður	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Gauti Elfar Arnarsson	Laser Standard	Nökkvi	1.0	1.0	1.0	(3.0)	2.0	8.0	5.0
2	Björn Heiðar Rúnarsson	Laser Standard	Nökkvi	2.0	(3.0)	2.0	1.0	1.0	9.0	6.0
3	Dagur Arinbjörn Daníelsson	Laser Standard	Nökkvi	(3.0)	2.0	3.0	2.0	3.0	13.0	10.0
4	Arnar Freyr Birkisson	Laser Standard	Nökkvi	(5.0 DNF)	5.0 DNC	5.0 DNC	5.0 DNC	5.0 DNC	25.0	20.0

## Opinn flokkur Flokkur

Röð		Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Pétur Aðalsteinsson	Opinn flokkur 29er	Ýmir	(2.0 DNS)	1.0	1.0	1.0	1.0	6.0	4.0

## Optimist A Flokkur

Sæti	Stýrimaður	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Gunnar Úlfarsson	Optimist A	Nökkvi	1.0	1.0	(4.0)	1.0	2.0	9.0	5.0
2	Hrefna Ásgeirsdóttir	Optimist A	Brokey	2.0	(4.0)	1.0	4.0	1.0	12.0	8.0
3	Búi Fannar Ívarsson	Optimist A	Brokey	(3.0)	2.0	3.0	2.0	3.0	13.0	10.0
4	Sigurjón Ágústsson	Optimist A	Ýmir	(5.0)	3.0	2.0	3.0	4.0	17.0	12.0
5	Stefán Hjaltason	Optimist A	Nökkvi	4.0	(5.0)	5.0	5.0	5.0	24.0	19.0
6	Ýmir Guðmundsson	Optimist A	Ýmir	(7.0 DNS)	7.0 DNC	7.0 DNC	7.0 DNC	7.0 DNC	35.0	28.0

## Optimist B Flokkur

Sæti	Stýrimaður	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Friðrik Elíasson	Optimist B	Nökkvi	1.0	1.0	(4.0)	4.0	3.0	13.0	9.0
2	Þorbjörg Erna Mímisdóttir	Optimist B	Brokey	2.0	4.0	3.0	(6.0)	1.0	16.0	10.0
3	Þorgeir Ólafsson	Optimist B	Brokey	(9.0 DNF)	2.0	6.0	1.0	2.0	20.0	11.0
4	Sigurjón Björnsson	Optimist B	Nökkvi	(9.0 DNF)	3.0	5.0	2.0	5.0	24.0	15.0
5	Breki Sigurjónsson	Optimist B	Nökkvi	(9.0 DNF)	6.0	1.0	5.0	4.0	25.0	16.0
6	Baldvin Ari Jóhannsson	Optimist B	Ýmir	(9.0 DNS)	5.0	2.0	3.0	6.0	25.0	16.0
7	Þormóður Hjörleifsson	Optimist B	Nökkvi	(9.0 DNF)	7.0	8.0	7.0	9.0 DNC	40.0	31.0
8	Alfred Aðils Sigurðsson	Optimist BUSA 1246	Nökkvi	(9.0 DNF)	9.0 DNC	7.0	8.0	9.0 DNC	42.0	33.0

frh. á næstu síðu.

## Íslandsmót frh.

### Topper Topas Flokkur

Sæti	Flokkur	Félag	K1	K2	K3	K4	K5	Alls	Stig
1	Eyþór Örn Ólafsson Tristan Alex Jónsson	Topper Topas	Pytur	(7.0 DNF) 1.0	1.0	1.0	1.0	11.0	4.0
2	Gunnar Hlynur Úlfarsson Gunnar Kristinn Óskarsson	Topper Topas	Brokey	2.0	2.0	(3.0)	3.0	2.0	12.0
3	Ólafur Már Ólafsson	Topper Topas	Brokey	(7.0 DNF) 3.0	2.0	2.0	3.0	17.0	10.0
4	Björn Bjarnason Hjörtur Már Ingason	Topper Topas	Brokey	1.0	4.0	4.0	(5.0)	4.0	18.0
5	Arnar Freyr Kristinsson Pórir Pétursson	Topper Topas	Pytur	(7.0 DNF) 5.0	5.0	4.0	5.0	26.0	19.0
6	Gaukur Steinn Guðmundsson Gunnar Bjarki Jónsson	Topper Topas	Ýmir	(7.0 DNF) 6.0	6.0	6.0	7.0 DNC	32.0	25.

## Lokamót kænur

### Optimist

Sæti	Keppandi	Félag	Stig
1	Hrefna Ásgeirsdóttir	Brokey	1
2	Gunnar Úlfarsson	Nökkvi	2
3	Þorbjörg	Brokey	3
4	Stefán Ármann Hjaltason	Nökkvi	4
5	Breki Sigjónsson	Nökkvi	5
6	Sindri Guðavsson	Drangey	DNS
6	Viktor Kárason	Drangey	DNS
6	Andrés Nóa Arnarson	Brokey	DNS
6	Þorgeir Ólafsson	Brokey	DNS
6	Hartmann Felix Steingrímsson	Drangey	DNS
6	Jón Arnar Pétursson	Drangey	DNS

### Topper Topaz

Sæti	Keppendur	Félag	Stig
1	Ísak Atli Finnbogason Óli Björn Pétursson	Drangey	1
2	Ólafur Már Ólafsson	Brokey	2
3	Gunnar Hlynur Úlfarsson Gunnar Kristinn Óskarsson	Brokey	3
4	Björn Bjarnason Lína Dóra Hannesdóttir	Brokey	4
5	Jakob Frímann Þorsteinsson Þorsteinn Muni Jakobsson	Drangey	5 DNS
5	Ásgeir Guðavsson Sigurðursson	Drangey	DNS

### Opinn flokkur

Sæti	Keppandi	Bátur	Félag	Stig
1	Gauti Arnarsson	L-Standard	Nökkvi	1
2	Oddur Viðar Malquist	Laser4,7	Nökkvi	2
3	Þorlákur Sigurðsson	L-Radial	Nökkvi	3
4	Sigurður Seán Sigurðsson	Laser4,7	Nökkvi	4
5	Hulda Lilja Hannesdóttir	Laser4,7	Brokey	5
6	Hilmar Páll Hannesson	L-Radial	Brokey	6
7	Aðalsteinn Jens Loftsson Eyþór Pétur Aðalsteinsson	29er	Ýmir	DNS

# Áramót



1	Hilmar	Laser R	09:04	08:11
2	Hulda	Laser 4,7	10:08	08:37
3	Óli Már	Topper T	10:24	08:40
4	Áki	Laser	09:27	08:44
5	Gunnar og Gunnar	Topper T	10:41	08:54
6	Aðalsteinn og Eyþór	29er	09:05	09:49
7	Siggi og Davíð	Topper T	13:30	11:15





## Opnunarmót kjölbáta

Bátur Sigldur Forgjöf Leiðréttur Röð  
Dögun  
Perna



## Hátíð hafsins

Bátur	Sigldur	Forgjöf	Leiðréttur	Röð
Dögun	00:33:07	0.840	00:27:49	1
Sigurvon	00:31:10	0.950	00:29:36	2
Stjarnan	00:35:53	0.868	00:31:08	3



## 17 júní þjóðhátíðarmót

Bátur	Sigldur	Forgjöf	Leiðréttur	Röð
Dögun	00:46:09	0,843	00:38:54	1
Sigurvon	00:42:21	0,926	00:39:13	2
Ögrun	00:40:39	1,007	00:40:56	3



## Faxaflóamót

Bátur	Sigldur	Forgjöf	Leiðréttur	Röð
Dögun	03:13:07	0,843	02:42:48	1
Ásdís	03:23:05	0,825	02:47:33	2
Lilja	02:57:35	0,981	02:54:13	3
Sigurvon	03:10:47	0,949	03:01:03	4



Bátur	Sigldur	Forgjöf	Leiðréttur	Röð
Dögun	03:15:22	0,843	02:44:42	1
Lilja	02:50:14	0,981	02:47:00	2
Sigurvon	03:06:35	0,949	02:57:04	3
Ásdís	04:05:50	0,825	03:22:49	4

## Sumarmót kjölbáta

Samanlagt

Röð	Bátur	Segl	Skipstjóri	Félag	IRC	K1	K2	K3	Samtals
1.	Dögun	ISL 1782	Pórarinn Stefánsson	Brokey	0.843	1.0	1.0	1.0	3.0
2.	Aría	ISL 2665	Birgir Ari Hilmarsson	Ýmir	1.013	2.0	2.0	2.0	6.0
3.	Ásdís	ISL 2217	Árni Þór Hilmarsson	Þytur	0.825	3.0	3.0	3.0	9.0
4.	Sigurborg	ISL 9845	Páll Hreinsson	Ýmir	1.939	4.0	4.0	4.0	12.0



## Lokamót kjölbáta

Bátur	Sigldur	Forgjöf	Leiðréttur	Röð
Dögun	03:04:28	0,843	02:35:30	1
Lilja	02:40:11	0,981	02:37:08	2
Ögrun	02:38:14	1,007	02:39:20	3
Aquarius	02:40:22	0,998	02:40:03	4
Aría	02:39:42	1,013	02:41:47	5
Sigurvon	02:59:17	0,949	02:50:08	6
Ásdís	03:27:02	0,825	02:50:48	7
Sigurborg	02:46:13	Vantar		





## Íslandsmót kjölbáta

samanlagt

Röð	Bátur	Segl	Félag	Skipstjóri	Forgjöf	K1	K2	K3	K4	K5	K6	K7	Heildarst	
Samtals														
1st	Dögun	ISL 1782	Brokey	Pórarinn Stefánsson	0.843	2.0	1.0	(3.0)	1.0	2.0	1.0	1.0	11.0	8.0
2nd	Lilja	ISL 2720	Brokey	Arnar Freyr Jónsson	0.981	4.0	3.0	1.0	(7.0)	1.0	2.0	2.0	20.0	13.0
3rd	Aquarius	ISL 2667	Brokey	Sigurþór Heimirsson	0.998	1.0	2.0	4.0	(5.0)	3.0	4.0	4.0	23.0	18.0
4th	Perna	ISL 9834	Pytur	Nils Danielsson	0.953	(6.0)	5.0	2.0	2.0	4.0	3.0	3.0	25.0	19.0
5th	Ísmolinn	ISL 2639	Pytur	Gunnar Geir Halldórsson	1.041	5.0	(6.0)	5.0	3.0	5.0	5.0	5.0	34.0	28.0
6th	Ögrun	ISL 9800	Brokey	Aðalsteinn Loftsson	1.007	3.0	4.0	6.0	4.0	(7.0)	6.0	6.0	36.0	29.0
7th	Ásdis	ISL 2217	Pytur	Árni Þór Hilmarsson	0.825	(7.0)	7.0	7.0	6.0	6.0	7.0	7.0	47.0	40.0

## Íslandsbikar

	Bátur	Félag	Opnunarmót	Faxaflóamót.	Íslandsmót	Lokamót	Heildarstig
1	Dögun	Brokey	10	10	10	10	40
2	Lilja	Brokey		8	8	8	24
3	Aquarius	Brokey			6	5	11
4	Ásdis	Pytur		6	2	2	10
5	Ögrun	Brokey			3	6	9
6	Skegla	Pytur	8				8
7	Sigurvon	Brokey		4		3	7
8	Perna	Pytur			5		5
9	Ísmolinn	Pytur			4		4
10	Aria	Ýmir				4	4
11	Sigurborg	Ýmir				1	1





# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



**Lög SÍL**

# Lög Siglingasambands Íslands SÍL

## 1. Kafi. Skipulag

### 1. grein

1.1 Siglingasamband Íslands, skammstafað SÍL, er æðsti aðili um öll mál siglinga- og róðraríþróttarinnar innan vébanda Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands (ÍSí).

### 2. grein

2.1 Siglingasamband Íslands er samband siglinga- og róðrarráða svo og héraðssambanda/íþróttabandalaga og eru öll þau félög innan ÍSí, er iðka, æfa og keppa í siglingum og róðri, aðilar að SÍL.

### 3. grein

3.1. Hlutverk SÍL er í meginatriðum:

- Að hafa yfirstjórn allra íslenskra siglinga- og róðraríþróttarinnar, vinna að stofnun sérráða og efla á annan hátt þessar íþróttagreinar í landinu.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Að vera fulltrúi siglinga- og róðraríþróttarinnar gagnvart útlöndum og sjá um að reglur varðandi þessar íþróttagreinar séu í samræmi við alþjóðareglur.

## 2. Kafi. Stjórn SÍL

### 4. grein

4.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af:

- Siglingaþingi.
- Stjórn SÍL.

4.2 Reikningsár SÍL er almanaksárið.

### 5. grein Siglingaþing

5.1 Siglingaþingið fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

5.2 Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

5.3 Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra siglinga- og róðrariðkenda, þannig að fyrir allt að 25 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 1 fyrir hverja 25 eða brot úr 25, allt að 100 iðkendum, og þá 1 fulltrúi fyrir hverja 50 iðkendum þar fram yfir.

5.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða tilkynnt með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

5.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL bréflaga minnst 3 vikum fyrir þingið.

5.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/íþróttabandalögum skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir siglingaþing.

5.7 Siglingaþing er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

### 6. grein

6.1. Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétti hafa:

- stjórn SÍL
- heiðursformaður og heiðursfélagar
- framkvæmdastjórn ÍSí

d. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSí

e. allir nefndarmenn SÍL

f. íþróttfulltrúi ríkisins

g. auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

6.2 Aðeins sá, sem er í félagi, sem iðkar siglingar eða róður innan sérráðs eða héraðssambands/íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

6.3 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinnar eigi síðar en 1 viku fyrir siglingaþing.

6.4 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrirþann aðila sérráðs eða sambands/andalags, sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

## 7. grein Dagskrá siglingaþings

### 7.1

- Formaður setur þing.
- Kosning 3 manna kjörbréfanefndar.
- Kjörinn þingforseti.
- Kjörnir 1. og 2. þingritari.
- Kosning þingnefnda:
  - Fjárhagsnefnd 3 manna.
  - Laga- og leikreglnafnd 3 manna.
  - Allsherjarnefnd 3 manna.

6. Lögð fram skýrsla stjórnar.

7. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar.

8. Umræður og samþykkt reikninga.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár.

10. Lagabreytingatillögur.

11. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði.

12. Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið og þingmeirihluti leyfir.

13. Þingnefndir starfa

14. Þingnefndir gera grein fyrir störfum sínum.

15. Tillögur fjárhagsnefndar

16. Kosningar:

a. Stjórn og varastjórn, sbr 10. gr.

b. 2 skoðunarmenn.

c. Fulltrúa á íþróttþing í samræmi við reglur ÍSí samkvæmt iðkenda fjölda síðastliðins starfsárs.

17. Þingslit.

7.2 Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal.

### 8. grein

8.1 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir þingið mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum (skv. 5. grein 6. lið).

8.2 Ársskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, svo og ágríp af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSí og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

### 9. grein

9.1 Aukaþing skal kalla saman með a..m.k. 3 vikna fyrirvara;

- a. eftir ákvörðun siglingaþings
- b. þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.

9.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukabíngi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingssetningu.

9.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukabíng skal senda aðilum dagskrá þingsins.

9.4 Á aukabíngi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi hefur orðið óstarfhæf.

9.5 Að öðruleiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing

## 10. Grein

10.1 Í stjórn SÍL eiga sæti :

a. 5 menn kosnir á siglingaþingi.

Kosning fari þannig fram:

1. Formaður

4 meðstjórnendur.

3 varamenn.

4. Fáir fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný í bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti.

b. Stjórnin kys varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

c. Varamenn taka sæti í stjórn í þeirri röð, sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð, sem þeir voru tilnefndir.

d. Ef formaður fellur frá eða hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

10.2. Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði.

Formaður SÍL boðar stjórnarfund og styrir þeim.

10.3. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

10.4. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

## 11. grein Störf stjórnar SÍL

Helstu störf stjórnar eru þessi:

a. Að framkvæma ályktanir siglingaþings.

b. Að annast rekstur sambandsins.

c. Að vinna að eflingu siglinga- og róðrariþróttarinnar.

d. Að semja leikreglur og reglugerðir fyrir siglinga- og róðrariþróttina.

e. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.

f. Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.

g. Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

h. Að ráða niður og ákveða stað og tíma fyrir landsmót. Það skal SÍL að jafnaði gera fyrir hver áramót og þá í samráði við stjórnir sérráða (héraðsstjórnir) og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

i. Að úthluta þeim styrkjum til siglinga og róðurs, sem SÍL fær til umráða.

j. Að koma fram erlendis fyrir hönd siglinga- og róðrariþróttarinnar.

## 12. grein Skipan starfssviða

12.1 Í upphafi starfstíma síns skipar stjórn SÍL stjórnir stoðsviða SÍL. Stoðsvið SÍL eru tvö; Afrekssvið og Almenningsiþróttasvið. Kjörtímabil þeirra er til eins árs, hið sama og stjórnar SÍL, nema annað sé sérstaklega ákveðið. Stoðsvið SÍL skulu m.a. hafa yfirumsjón með viðkomandi málaflokkum, vera stjórn SÍL til ráðuneytis og sjá um verkefni þeim tengdum.

## 13. grein

13.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Þau skulu senda henni allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins. Þessar skýrslur skulu sendar innan mánaðar eftir að viðkomandi móti lýkur.

13.2 Ársskýrslur sínar um störf sérráðsins (héraðssambandsins) og tölu virkrasiglinga- og róðrariðkenda í umdæminu, skulu þau senda stjórn SÍL fyrir 15. júní ár hvert. Á þeim byggist fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á siglingaþinginu, sbr. gr. 5.3.

13.3 Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd, skal SÍL vinna að stofnun nýrra sérráða.

## 14. grein

14.1 Stjórn SÍL hefur frjálstan aðgang að öllum siglinga- og róðrarmótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

## 3. Kaffi. Ýmis ákvæði

## 15. grein Merki SÍL

15.1 Merki Siglingasambands Íslands : Hvítt stórsegl og ár á bláum grunni. SÍL í rauðum stöfum ofan á segl.

## 16. grein Heiðursformaður

16.1 Heiðursformaður SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mætttra þingfulltrúa samþykkja kjörið.

16.2 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

## 17. grein Heiðursfélagar

17.1 Heiðursfélag SÍL má kjósa á siglingaþingi.

17.2 Heiðursfélagar SÍL hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétti.

## 18. grein Slit SÍL

18.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögæmtu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða.

18.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

## 19. grein Ráðstöfun eigna

19.1 Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu.

## 20. grein Lagabreytingar

20.1 Lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með a.m.k. 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Samþykkt á 35. Siglingaþingi 8. mars 2008

Breytt frá 28. Siglingaþingi 3. mars 2001

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 2008.

# SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS



## Reikningar 2011

Skoðunarmenn:

Fríðrik Hafberg  
Kristján Sigurgeirsson



## Efnahagsreikningur

31.12.2011

Eignir	2011	%	2010	%	2009	%
<b>Veltufjármunir</b>						
<b>Birgðir:</b>						
Vörubirgðir	2.762.347	29%	99.335	1%	75.538	1%
	<b>2.762.347</b>		<b>99.335</b>		<b>75.538</b>	
<b>Skammtímakröfur:</b>						
Viðskiptakröfur	2.480.279	26%	3.442.403	42%	1.025.932	17%
Viðskiptareikningur ÍSÍ	-	0%	1.542.394	19%	- 13.664	-0,2%
	<b>2.480.279</b>	26%	<b>4.984.797</b>	60%	<b>1.012.268</b>	16%
<b>Handbært fé:</b>						
Bankainnistæður	4.150.035	44%	3.168.593	38%	5.116.387	82%
	<b>4.150.035</b>		<b>3.168.593</b>		<b>5.116.387</b>	
<b>Eignir alls</b>	<b>9.392.661</b>	100%	<b>8.252.725</b>	100%	<b>6.204.193</b>	100%

Skuldir og eigið fé	2011	%	2010	%	2009	%
<b>Eigið fé:</b>						
Þjálfunarsjóður	390.000	4%	390.000	5%	390.000	6%
Útbreiðslusjóður	1.250.000	13%	1.250.000	15%	1.250.000	20%
Óráðstafað eigið fé	7.095.572	76%	6.612.725	80%	4.390.491	71%
<b>Eigið fé alls</b>	<b>8.735.572</b>	93%	<b>8.252.725</b>	100%	<b>6.030.491</b>	97%
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Viðskiptaskuldir	657.089	7%	-	0%	173.702	3%
<b>Viðskiptaskuldir alls</b>	<b>657.089</b>		<b>-</b>		<b>173.702</b>	
<b>Skuldir og eigið fé alls</b>	<b>9.392.661</b>	100%	<b>8.252.725</b>	100%	<b>6.204.193</b>	100%





## Rekstrarreikningur

1.1.2011 - 31.12.2011

<b>Rekstrartekjur</b>	<b>2011</b>	<b>%</b>	<b>2010</b>	<b>%</b>	<b>2009</b>	<b>%</b>
ÍSí útbreiðslustyrkur	1.619.742	23%	1.338.625	23%	759.380	16%
ÍSí Lottó	2.253.734	32%	1.803.262	30%	1.268.853	26%
Styrkur frá stjórnvöldum	1.824.156	26%	2.298.225	39%	2.200.000	46%
Styrkur frá einkaaðilum	884.175	13%	-	0%	-	0%
Vörusala	12.475.043	178%	-	0%	43.400	1%
- Vörukaup	- 12.202.541	-175%	-	0%	-	0%
IRC forgjafir	86.655	1%	199.600	3%	176.497	4%
Námskeiðstekjur	50.000	1%	225.150	4%	55.000	1%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	-	0%	50.000	1%	300.000	6%
<b>Rekstrartekjur</b>	<b><u>6.990.964</u></b>	100%	<b><u>5.914.862</u></b>	100%	<b><u>4.803.130</u></b>	100%
<b>Rekstrargjöld</b>						
Launakostnaður	3.387.439	47%	1.983.085	52%	1.790.635	37%
Leiga skrifstofu og skrifst.kostnaður	548.975	8%	424.577	11%	403.617	8%
Fundir erlendis	1.211.764	17%	447.861	12%	507.586	10%
Fundir innanlands	233.282	3%	293.297	8%	-	0%
Smáþjóðaleikar og erlendar keppnir	-	0%	98.161	3%	1.366.929	28%
Kostnaður v/mótahalds	1.343.518	18%	12.000	0,3%	27.400	0,6%
Námskeiðskostnaður	182.680	3%	85.040	2%	-	0%
Kynningarkostnaður	231.296	3%	-	0%	19.519	0,4%
Styrkir og gjafir	20.000	0%	310.000	8%	587.130	12%
Kostnaður v/forgjafar	99.015	1%	131.453	3%	110.223	2%
Félags- og aðildargjöld	21.114	0%	44.558	1%	31.063	1%
<b>Rekstrargjöld</b>	<b><u>7.279.083</u></b>	100%	<b><u>3.830.032</u></b>	100%	<b><u>4.844.102</u></b>	100%
<b>Hagnaður fyrir fjármagnsgjöld</b>	- 288.119		2.084.830		- 40.972	
Fjármunatekjur	83.857		138.693		423.337	
Vaxtagjöld og verðbætur	- 32.199		- 1.289		- 6.319	
<b>Fjármunatekjur</b>	<b>51.658</b>		<b>137.404</b>		<b>417.018</b>	
<b>Hagnaður ársins</b>	<b><u>- 236.461</u></b>		<b><u>2.222.234</u></b>		<b><u>376.046</u></b>	

### Áritun skoðunnarmanna:

Við undirritaðir kjörnir skoðunnarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2005 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við

Reykjavík 26. feb. 2012

Fríðrik Hafberg  
(sign)

Kristján Sigurgeirsson  
(sign)

